

Íslenska Gámafélagið ehf
Koparsléttu 22
162 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2021
UST202003-054/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins

Þann 24. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins í Gufunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti allt að 500 tonnum af spilliefnum á ári, árið 2019 var tekið á móti 506,498 tonnum af spilliefnum sem er umfram heimild starfsleyfisins.
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningar lágu ekki fyrir við eftirlit.

Rekstraraðili skilaði inn þann 12. janúar 2021 úrbótaáætlun og skráningum vegna framangreindra frávika og telst þeim því lokið.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Steinunn Karlsdóttir